

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS FÍFLHOLT, SORPURÐUN VESTURLANDS

<b>Dagsetning</b>	19.12.2011	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigrún Guðmundsdóttir, Valur Klemensson
<b>Fyrirtæki</b>	Sorpurðun Vesturlands	<b>Starfsleyfi, gildir til</b>	14.8.2012
<b>Heimilisfang</b>	Bjarnarbraut 8, 310 Borgarnes	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið -seinna
<b>Kennitala</b>	530697-2829	<b>Fulltrúar fyrirtækis</b>	Hrefna B. Jónsdóttir
<b>Isat nr.</b>	38.21.0	<b>Staðsetning starfstöðvar (hnit)</b>	
<b>Starfsemi</b>	Urðun almenns úrgangs		

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Meðhöndlun úrgangs er að mestu í lagi í Fíflholti. Engar athugasemdir eru gerðar vegna umgengni og ásýnd staðarins. 3 frávik eru staðfest sem einnig voru tiltekin í eftirlitsskýrslu frá því í júní. Athugasemd er gerð vegna fyrirkomulags starfsleyfistryggingar og óskar Umhverfisstofnun eftir nánari upplýsingum um forsendur vegna útreikninga fyrir henni.

Endurnýja þarf starfsleyfi á næsta ári og er vakin athygli á að endurskoðun þess tekur nokkurn tíma.

### UMFANG EFTIRLITS

Urðunarstaðurinn í Fíflholti var skoðaður í fylgd Þorsteins Eypórssonar umsjónarmanns í Fíflholtum og Ólafs Sigurðssonar.

Fundur var haldinn með Hrefnu B. Jónsdóttur framkvæmdastjóra Sorpurðunar Vesturlands hf. Einnig voru viðstaddir Pálmi Sævarsson frá verkfræðistofunni VERKÍS og Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur hjá UMÍS. Farið var yfir frávik og athugasemdir í skýrslu úr fyrra eftirliti. Farið var yfir fyrirkomulag starfsleyfistryggingar fyrir Fíflholt, sbr. 17. grein reglugerðar 738/2003, kröfur sömu reglugerðar er varða botnþéttingu og jarðfræðilegan tálma, söfnun hauggass og mælingar á því. Einnig var rætt um móttöku úrgangs og kröfur í II.viðauka reglugerðar nr. 738/2003.



## **FRÁVIK<sup>i</sup> OG ATHUGASEMDIR<sup>ii</sup>**

### **Frávik 1:**

Kröfur er varða botnpéttingu og jarðfræðilegan tálma hafa ekki verið uppfylltar.

**Skv:** Þriðja lið, viðauka I í reglugerð 238/2003 um urðun úrgangs skal vernda jarðveg, grunn- og yfirborðsvatn með jarðfræðilegum tálma og botnpéttingu.

Rekstraraðilar upplýstu í eftirliti að Ómar Bjarki Smárason hjá verkfræðistofnunni EFLU sé að vinna í áhættumati vegna þessa.

### **Frávik 2:**

Hauggassöfnun er ekki hafin í Fíflholti, en undanþága frá gassöfnun rann út þann 16.7. 2011. Jafnframt er gerð krafa um mælingar á hauggasi.

**Skv:** Fjórða lið, viðauka I í reglugerð 238/2003 um urðun úrgangs skal safna og ef mögulegt, nýta hauggas, annars skal hauggasið brennt. Þá er kveðið á um mælingar á hauggasi í lið 3-2.4, viðauka III í sömu reglugerð en þar er kveðið á um hvaða lofttegundir ber að mæla og tíðni þeirra.

Umhverfisstofnun hefur borist bréf frá rekstraraðilum vegna undanþágu frá ofangreindu ákvæði sem send hafa verið til Umhverfissráðuneytis. Umhverfissráðuneytið hefur ekki tekið afstöðu í málinu. Einnig var tekið fram að mælingar á hauggasi hefðu farið fram.

### **Frávik 3:**

Umhverfisstofnun hefur ekki borist áhættumat og viðbragðsáætlun vegna mögulegrar hættu á bráðamengun.

**Skv:** 18. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda,ber rekstraraðila að gera áhættumat vegna mögulegrar bráðamengunar frá starfseminni, sem og viðbragðsáætlun.

Umhverfisstofnun hefur borist upplýsingar um að þessar áætlanir séu nú í vinnslu.

### Athugasemd 1

Fyrirkomulag starfsleyfistryggingar fyrir Fíflholt er með þeim hætti að ákveðin upphæð er lögð inn á bundin reikning og er stöðu reikningsins getið sérstaklega í ársskýrslu. Umhverfisstofnun telur að slíkt fyrirkomulag geti vel gengið upp en óskar eftir því að rekstaraðili geri nánar grein fyrir þeim upphæðum sem lagðar eru inn á reikninginn og hvaða forsendur liggi á bak við hversu mikið er lagt fyrir árlega. Starfsleyfistryggingin þarf að ná yfir frágang og uppgræðslu svæðisins eftir lokun, söfnun og hreinsun sigvatns frá staðnum, hauggassöfnun og eftirlit og vöktun í amk. 30 ár eftir að staðnum er lokað. Við mat á kostnaði við ofangreint skal taka mið af sænskum leiðbeiningum þar sem gert er grein fyrir þessum kostnaði fyrir nokkra mismunandi urðunarstaði. Umhverfisstofnun mun senda rekstaraðilum ofangreindar leiðbeiningar.

Reykjavík, 7.3.2012

---

Undirskrift eftirlitsaðila

---

<sup>i</sup> **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

<sup>ii</sup> **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.